

**Svalbarðshreppur**

kt. 640269-1979, Þistilfirði.

**Ársreikningur 2020**

## **Efnisyfirlit** bls.

Undirritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3 - 4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6 - 7
Sjóðstreymi .....	8
Skýringar .....	9 - 21
Sundurliðanir .....	22 - 26

**Svalbarðshreppur, 6706,  
kt. 640269-1979,  
Holti, Þistilfirði,  
681 Þórshöfn.**

<http://www.svalbardshreppur.is>

## Undirritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar innanríksráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum í kaflanum um reikningsskilaðferðir í árseikningnum.

Starfseminni er skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Á árinu 2016 var Fjarskiptafélag Svalbarðshrepps stofnað vegna lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu. Félagið er að öllu leyti í eigu sveitarfélagsins og tilheyrir því B hluta sveitarfélagsins.

Rekstrartekjur samstæðunnar námu 104,2 millj. króna og rekstrargjöld 112,9 millj. króna. Fjármagnsliður var jákvæður um 0,1 millj. króna.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í a-lið nam 0,5% en lögbundið hámark þess er 0,5%. Í b-lið nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í c-lið nam álagningarhlutfallið 0,5% en lögbundið hámark þess er 1,32%. Sveitarstjórn hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í a og c-lið um allt að 25%. Hámarksálagning A-skatts er þá 0,625% og C-skatts 1,65%.

Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 8,7 millj. króna samanborið við 9,8 millj. kr. hagnað árið á undan.

Peningalegar eignir samstæðunnar í árslok námu 73,4 millj. króna og skuldir samtals 57,0 millj. króna. Peningalegar eignir umfram skuldir námu því 16,4 millj. króna. Eiginfjárlutfall í árslok nam 78,9% og veltufjárlutfall 1,5.

Íbúafjöldi Svalbarðshrepps 1. desember 2020 var 95 og fjölgaði um 2 frá fyrra ári. Heildar launagreiðslur og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu 4,1 millj. króna. Fjöldi ársverka var 1.

Stjórnendur sveitarfélagsins hafa yfirfarið áhrif COVID-19 heimsfaraldursins. Þrátt fyrir áhættu tengda honum í rekstrarumhverfi fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga á Íslandi og erlendis er það mat stjórnenda að faraldurinn hafi ekki haft áhrif á greiðsluhæfi sveitarfélagsins eða haft veruleg áhrif á mat eigna og skulda.

Sveitarstjórn Svalbarðshrepps og oddviti staðfesta hér með ársreikning Svalbarðshrepps og stofnana fyrir árið 2020 með áritun sinni.

Holti, 28. júní 2021

Sigurður Þór Guðmundsson  
Oddviti

Einar Guðmundur Þorláksson

Ina Leverköhne

Ragnar Skúlason

Sigríður Jóhannesdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til sveitarstjórnar Svalbarðshrepps

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Svalbarðshrepps fyrir árið 2020, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

### Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu sveitarstjórnar og oddvita
- Rekstrarreikning fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2020
- Yfirlit yfir sjóðstreymi fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla sveitarstjórnar og oddvita er undanskilin endurskoðun, sbr kafla um aðrar upplýsingar.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

### Óhæði

Við erum óháð félagini samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóribera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna svíksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sveitarfélagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sveitarfélagsins á þeiri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sveitarfélagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sveitarfélagsins. Stjórnendum sveitarfélagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Sveitarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda, framhald

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sveitarfélagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrilliggjandi færslum og atburðum og gefi glöggja mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Húsavík, 28. júní 2021

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Rúnar Bjarnason  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr	Sveitarsjóður A hluti			Samstæða A og B hluti		
		Árið 2020	Áætlun með viðaukum	Árið 2019	Árið 2020	Áætlun með viðaukum	Árið 2019
<b>Rekstrartekjur</b>	3						
Skatttekjur .....		46.214.057	42.000.000	45.130.366	46.214.057	42.000.000	45.130.366
Framlög Jöfnunarsjóðs .....		39.306.680	48.000.000	55.219.541	39.306.680	48.000.000	55.219.541
Aðrar tekjur .....		16.392.631	17.000.000	17.912.184	18.634.131	19.241.500	21.116.884
		101.913.368	107.000.000	118.262.091	104.154.868	109.241.500	121.466.791
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	4	4.135.870	4.400.000	4.033.141	4.135.870	4.400.000	4.033.141
Annar rekstrarkostnaður .....	4	98.349.255	93.100.000	97.826.793	98.809.020	93.738.600	98.644.144
Afskriftir .....	7	5.616.897	5.200.000	5.274.545	10.005.051	9.768.900	9.864.699
		108.102.022	102.700.000	107.134.479	112.949.941	107.907.500	112.541.984
<b>(Tap) hagnaður án fjármagnsliða</b>		(6.188.654)	4.300.000	11.127.612	(8.795.073)	1.334.000	8.924.807
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	5	132.733	500.000	867.184	93.725	500.000	862.705
Tekjuskattur .....		0	0	0	0	0	0
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>		(6.055.921)	4.800.000	11.994.796	(8.701.348)	1.834.000	9.787.512

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr	Sveitarsjóður A hluti		Samstæða A og B hluti	
		31.12.2020	31.12.2019	31.12.2020	31.12.2019
<b>Fastafjármunir</b>					
Efnislegar eignir:	7				
Fasteignir .....		134.495.501	131.553.600	134.495.501	131.553.600
Ljósleiðari .....		0	0	62.644.558	71.072.712
		<u>134.495.501</u>	<u>131.553.600</u>	<u>197.140.059</u>	<u>202.626.312</u>
Fjáreignir:					
Eignarhlutir í félögum .....	8	23.205.924	23.205.924	14.705.924	14.705.924
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>157.701.425</u>	<u>154.759.524</u>	<u>211.845.983</u>	<u>217.332.236</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Óinnheimtar tekjur .....	9	8.665.398	10.360.022	9.578.076	11.272.700
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		31.976.576	31.976.576	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....		2.016.917	1.622.675	2.116.421	2.053.323
Handbært fé .....		45.709.481	57.959.176	47.024.560	60.441.503
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>88.368.372</u>	<u>101.918.449</u>	<u>58.719.057</u>	<u>73.767.526</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>246.069.797</u>	<u>256.677.973</u>	<u>270.565.040</u>	<u>291.099.762</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	Sveitarsjóður A hluti		Samstæða A og B hluti	
		31.12.2020	31.12.2019	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eigið fé og skuldir</b>					
<b>Eigið fé</b>	10				
Eigið fé .....		218.575.658	224.631.579	213.601.336	222.302.684
<b>Skuldir</b>					
<b>Skuldbindingar</b>					
Tekjuskattsskuldbinding .....		0	0	0	0
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	11	6.812.106	6.804.638	6.812.106	6.804.638
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		0	0	11.207.500	13.449.000
		<u>6.812.106</u>	<u>6.804.638</u>	<u>18.019.606</u>	<u>20.253.638</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Viðskiptaskuldir .....		5.886.317	2.025.441	5.886.317	3.025.060
Aðrar skammtímaskuldir .....		14.395.004	22.816.042	30.415.569	42.876.607
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	11	400.712	400.273	400.712	400.273
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		0	0	2.241.500	2.241.500
		<u>20.682.033</u>	<u>25.241.756</u>	<u>38.944.098</u>	<u>48.543.440</u>
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>		<u>27.494.139</u>	<u>32.046.394</u>	<u>56.963.704</u>	<u>68.797.078</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>246.069.797</u>	<u>256.677.973</u>	<u>270.565.040</u>	<u>291.099.762</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	12				

## Sjóðstreymi ársins 2020

	Sveitarsjóður A hluti			Samstæða A og B hluti		
	Árið 2020	Áætlun með viðaukum	Árið 2019	Árið 2020	Áætlun með viðaukum	Árið 2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstrarniðurstaða ársins .....	(6.055.921)	4.800.000	11.994.796	(8.701.348)	1.834.000	9.787.512
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir .....	5.616.897	5.200.000	5.274.545	10.005.051	9.768.900	9.864.699
Verðbætur og gengismunur .....	7.907	0	(23.821)	7.907	0	(23.821)
Aðrar liðir .....	0	0	0	0	0	0
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri .....	(431.117)	10.000.000	17.245.520	1.311.610	11.602.900	19.628.390
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:						
Skammtímkröfur .....	1.300.382	0	(886.526)	1.631.526	0	1.335.736
(Lækkun) hækkun rekstrartengdra skulda:						
Fyrirfram innheimtar tekjur .....	0	0	0	(2.241.500)	(2.241.500)	(2.241.500)
Skammtímaskuldir .....	(4.560.162)	0	10.597.611	(9.599.781)	0	(4.071.628)
Breytingar .....	(3.259.780)	0	9.711.085	(10.209.755)	(2.241.500)	(4.977.392)
<b>Handbært fé (til rekstrar) / frá rekstri</b>	<b>(3.690.897)</b>	<b>10.000.000</b>	<b>26.956.605</b>	<b>(8.898.145)</b>	<b>9.361.400</b>	<b>14.650.998</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárm .....	(8.558.798)	(2.000.000)	(52.164.438)	(8.558.798)	(2.000.000)	(52.817.044)
Ríkisstyrkur frá Langanesbyggð .....	0	0	0	4.040.000	0	10.040.000
Fjárfesting í eignarhlutum í félögum .....	0	0	0	0	0	0
Söluverð eignarhluta í félögum .....	0	0	0	0	0	0
	<b>(8.558.798)</b>	<b>(2.000.000)</b>	<b>(52.164.438)</b>	<b>(4.518.798)</b>	<b>(2.000.000)</b>	<b>(42.777.044)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Tekin ný langtímalán .....	0	0	0	0	0	0
Afborganir langtímalána .....	0	(401.596)	0	0	(401.596)	0
Eigin fyrirtæki, breyting .....	0	0	0	0	0	0
	<b>0</b>	<b>(401.596)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(401.596)</b>	<b>0</b>
<b>(Lækkun) / hækkun á handbæru fé</b>	<b>(12.249.695)</b>	<b>7.598.404</b>	<b>(25.207.833)</b>	<b>(13.416.943)</b>	<b>6.959.804</b>	<b>(28.126.046)</b>
Handbært fé í ársþyrjun .....	57.959.176	57.959.176	83.167.009	60.441.503	60.441.503	88.567.549
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>45.709.481</b>	<b>65.557.580</b>	<b>57.959.176</b>	<b>47.024.560</b>	<b>67.401.307</b>	<b>60.441.503</b>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Svalbarðshreppur er næsta sveitarfélag austan Norðurþings. Hreppamörk liggja að Norðurþingi að vestan og sunnan en að Langanesbyggð að suðaustan og austan. Ormarsá rennur á landamerkjum að vestan. Þegar ánni sleppir eru hreppamörk um Botnagil, Einbúa, Djúpá, vörðu yst á Langás, þá ræður Langá að syðri enda hans, þaðan í ós er liggur úr norðausturhorni Stóra-Búrfellsvatns og þaðan bein lína um melhól norðaustan við Búrfell í Dettifossá, sem ræður merkjum til Sandár. Merki fylgja Sandá að Þorsteinsnefi, að Hökná við Þvergil, um vestanverð Heljardalsfjöll, suður um Einbúa, norðaustur um Litla-Stakfell, Stakfellskvísl og Hafralónsá, sem ræður hreppamörkum til sjávar.

Íbúar Svalbarðshrepps voru 95 talsins þann 1. desember 2020.

Ársreikningur Svalbarðshrepps fyrir árið 2020 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, A hluta, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga í samræmi við 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Til sveitarsjóðs, A hluta, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða Aðalsjóð og Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fjarskiptafélag Svalbarðshrepps ehf. fellur undir B hluta í tilviki Svalbarðshrepps.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan. Þar sem gerð hefur verið breyting á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til samræmis.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 2.2 Samantekin reikningsskil

Ársreikningur sveitarsjóðs, A hluta, og samstæðu A og B hluta er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningnum einstakra fyrirtækja og stofnana en öll innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður eru jöfnuð út.

### 2.3 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Aðrar tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærði sölu á vörum og þjónustu að frádegnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma vörum og þjónustu.

Söluhagnaður (tap) af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi. Söluhagnaður (tap) af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er færður á meðal annarra rekstrartekna / -gjalda, en söluhagnaður (tap) af eignarhlutum í félögum er færður meðal fjármunatekna / gjalda í rekstrarreikningi.

## Skýringar

### 2.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjfærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjfærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjfærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarrekning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

### 2.5 Efnislegar eignir

Eignir eru skráðar meðal efnislegra eigna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félagini og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Um er að ræða varanlega rekstrarfármuni sem eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrilliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Allar matsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan eiginfjárréikning.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	25 - 50 ár
Ljósleiðari.....	20 ár

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarrekningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### 2.6 Fjárfestingar í eignarhlutum og öðrum verðbréfum

Skuldabréf og aðrar langtíma kröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu taki í framtíðinni.

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu.

Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum. Ef markaðurinn fyrir fjárfestingaverðbréf er ekki virkur er gangvirði ákvarðað með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu eða viðurkenndum matslíkönum. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirði með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréf færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu taki í framtíðinni.

# Skýringar

## 2.7 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2021. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

## 2.8 Viðskiptakröfur

Önnheimtar tekjur og aðrar viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

## 2.9 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## 2.10 Eignir utan efnahagsreiknings

Óskipulögð lönd og lóðir í eigu sveitarfélagsins eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjárumunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

## 2.11 Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði. Mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

Lántaka er flokkuð sem skammtímaskuldir nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

## 2.12 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2020 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum.

## Skýringar

### 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Árið 2020	Áætlun með viðaukum 2020	Árið 2020	Áætlun með viðaukum 2020
<b>Skatttekjur:</b>				
Útsvör .....	42.200.410	38.000.000	42.200.410	38.000.000
Fasteignaskattur .....	4.013.647	4.000.000	4.013.647	4.000.000
	<b>46.214.057</b>	<b>42.000.000</b>	<b>46.214.057</b>	<b>42.000.000</b>
<b>Jöfnunarsjóður:</b>				
Alm framlag til reksturs grunnskóla .....	16.653.955	21.800.000	16.653.955	21.800.000
Framlög vegna fasteignaskatts .....	4.311.247	4.600.000	4.311.247	4.600.000
Tekkjujöfnunarframlög .....	9.573.890	3.000.000	9.573.890	3.000.000
Útgjaldajöfnunarframlag .....	8.767.588	18.600.000	8.767.588	18.600.000
	<b>39.306.680</b>	<b>48.000.000</b>	<b>39.306.680</b>	<b>48.000.000</b>
Aðrar tekjur .....	16.392.631	17.000.000	18.634.131	19.241.500
Rekstrartekjur samtals	<b>101.913.368</b>	<b>107.000.000</b>	<b>104.154.868</b>	<b>109.241.500</b>
Íbúafjöldi .....	<b>95</b>	<b>95</b>	<b>95</b>	<b>95</b>
Skatttekjur á íbúa .....	<b>900.218</b>	<b>947.368</b>	<b>900.218</b>	<b>947.368</b>

### 4. Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Árið 2020	Áætlun með viðaukum 2020	Árið 2020	Áætlun með viðaukum 2020
<b>Laun</b>				
Laun .....	3.456.090	3.700.000	3.456.090	3.700.000
Launatengd gjöld .....	679.780	700.000	679.780	700.000
	<b>4.135.870</b>	<b>4.400.000</b>	<b>4.135.870</b>	<b>4.400.000</b>
Starfsmenn .....	<b>1,0</b>	<b>1,0</b>	<b>1,0</b>	<b>1,0</b>

Laun oddvita og sveitarstjórnar námu um 3,0 millj. kr. á árinu 2020. Sveitarfélagið greiddi 2 starfsmönnum laun á árinu 2020. Stöðugildi miðað við tryggingarskyldar vinnuvikur er um 1.

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Árið 2020	Áætlun með viðaukum 2020	Árið 2020	Áætlun með viðaukum 2020
<b>Vöru- og þjónustukaup</b>				
Vöru- og þjónustukaup .....	98.349.255	93.100.000	98.809.020	93.738.600

## Skýringar

### 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Árið 2020	Áætlun með viðaukum 2020	Árið 2020	Áætlun með viðaukum 2020
Vaxtatekjur .....	403.499	800.000	411.460	800.000
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(270.766)	(300.000)	(317.735)	(300.000)
	132.733	500.000	93.725	500.000

### 6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2020			Áætlun með viðaukum 2020
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	
<b>Aðalsjóður:</b>				
Skatttekjur .....	0	86.181.669	86.181.669	90.000.000
Félagsþjónusta .....	9.514.404	0	(9.514.404)	(4.750.000)
Heilbrigðismál .....	100.099	0	(100.099)	(110.000)
Fræðslu- og uppeldismál .....	68.108.423	450.000	(67.658.423)	(64.000.000)
Menningarmál .....	1.612.871	0	(1.612.871)	(1.410.000)
Æskulýðs- og íþróttamál .....	11.898.438	0	(11.898.438)	(8.960.000)
Brunamál og almannavarnir .....	3.918.980	0	(3.918.980)	(3.000.000)
Hreinlætismál .....	2.697.471	0	(2.697.471)	(2.020.000)
Skipulags- og byggingarmál .....	2.584.013	0	(2.584.013)	0
Umferðar- og samgöngumál .....	765.426	0	(765.426)	(800.000)
Umhverfismál .....	2.177.495	0	(2.177.495)	(800.000)
Atvinnumál .....	342.917	468.628	125.711	(330.000)
Sameiginlegur kostnaður .....	9.491.717	0	(9.491.717)	(10.050.000)
Fjármagnsliðir .....	(6.264.523)	0	6.264.523	6.630.000
Aðalsjóður samtals	106.947.731	87.100.297	(19.847.434)	400.000
Eignasjóður .....	5.766.450	19.557.963	13.791.513	4.400.000
A hluti samtals	112.714.181	106.658.260	(6.055.921)	4.800.000
Fjarskiptafélag Svalbarðshrepps .....	4.886.927	2.241.500	(2.645.427)	(2.966.000)
B hluti samtals	4.886.927	2.241.500	(2.645.427)	(2.966.000)
A og B hluti samtals	117.601.108	108.899.760	(8.701.348)	1.834.000

## Skýringar

### 7. Efnislegar eignir

Efnislegar eignir og afskriftir sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig 2019:

	Fasteignir	Fasteignir Ljósleiðari	Samtals Samtals
<b>A hluti í árslok 2019:</b>			
Stofnverð 1/1 .....	132.950.952	0	132.950.952
Viðbót ársins .....	52.164.438	0	52.164.438
Stofnverð 31/12 .....	185.115.390	0	185.115.390
Afskrifað 1/1 .....	48.287.245	0	48.287.245
Afskrifað á árinu .....	5.274.545		5.274.545
	53.561.790	0	53.561.790
Bókfært verð 31/12 .....	131.553.600	0	131.553.600
 <b>A og B hluti í árslok 2019:</b>			
Bókfært verð 1/1 .....	84.663.707	85.050.260	169.713.967
Viðbót ársins .....	52.164.438	652.606	52.817.044
Styrkur frá ríkinu .....	0	(10.040.000)	(10.040.000)
Afskrifað á árinu .....	(5.274.545)	(4.590.154)	(9.864.699)
Bókfært verð 31/12 .....	131.553.600	71.072.712	202.626.312

Efnislegar eignir og afskriftir sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig 2020:

	Fasteignir	Ljósleiðari	Samtals
<b>A hluti í árslok 2020:</b>			
Stofnverð 1/1 .....	185.115.390	0	185.115.390
Viðbót ársins .....	8.558.798	0	8.558.798
Stofnverð 31/12 .....	193.674.188	0	193.674.188
Afskrifað 1/1 .....	53.561.790	0	53.561.790
Afskrifað á árinu .....	5.616.897		5.616.897
	59.178.687	0	59.178.687
Bókfært verð 31/12 .....	134.495.501	0	134.495.501
 <b>A og B hluti í árslok 2020:</b>			
Bókfært verð 1/1 .....	131.553.600	71.072.712	202.626.312
Viðbót ársins .....	8.558.798	0	8.558.798
Styrkur frá ríkinu .....	0	(4.040.000)	(4.040.000)
Afskrifað á árinu .....	(5.616.897)	(4.388.154)	(10.005.051)
Bókfært verð 31/12 .....	134.495.501	62.644.558	197.140.059

## Skýringar

### 7. Efnislegar eignir (frh)

Bókfært verð fasteigna og ljósleiðara A og B hluta og vátryggingarverðmæti þeirra, greinast þannig í árslok 2020:

	Fasteignamat	Brunabótamat	Bókfært verð
A hluti:			
Land, jarðir og laxveiðíár .....	76.021.987	81.065.000	32.068.958
Samkomuhús .....	1.750.000	9.690.000	138.240
Skólahúsnæði .....	30.150.000	184.700.000	37.202.960
Leikskólahúsnæði .....	6.859.650	32.563.950	41.800.000
Íþróttahöll og sundlaug .....	0	0	16.856.298
Heilsugæsla .....	0	0	237.863
Sjúkrastofnanir og dvalarheimili .....	6.685.998	34.396.560	1.387.729
